

Ed.

386. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar, eftir ósk atvinnumálaráðherra, en beitunefnd hafði farið fram á það við ráðuneytið, að settar yrðu reglur um beituskurð.

Landssamband útgerðarmanna hefur tjáð sig eindregið fylgjandi efni frumvarpsins, og sömuleiðis þeir einstakir útvegsmenn og sjómenn, sem beitunefnd telur sig hafa átt tal við um málið.

Sjávarútvegsnefnd þessarar deildar telur rétt að verða við óskum ofangreindra aðila í þessu efni og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna, Pétur Magnússon, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 1947.

Gisli Jónsson,
form.

B. Kristjánsson,
fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson.
frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.